

Þriðjudaginn 2. september 1997.

Nr. 354/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Pétur Bruno Scheving Thorsteinssyni

(Magnús M. Norðdahl hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. október 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1997.

Ár 1997, föstudaginn 29. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Pétur Bruno Scheving Thorsteinssyni, kt. 300972-5279, Fellsmúla 22, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. október nk. kl. 16.00, vegna

grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú stórfellt fíkniefnamisferli. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til þess, að 2. ágúst sl. komu til skoðunar hjá tollgæslunni að Ármúla 25, Reykjavík, tvær sendingar frá London með samtals 783 e-töflur.

Ofangreindan dag, þ. e. 2. ágúst sl., sá lögregla kærða fara inn í stigahús fjölbýlishúss í Hafnarfirði, brjóta þar upp póstkassa og fjarlægja úr honum komutilkynningu til annars viðtakanda efnanna.

Kærði hefur viðurkennt að hafa brotið upp póstkassann, en kveðst hvorki vera eigandi efnanna né hafa staðið að innflutningi þeirra. Í rannsóknargögnum liggur fyrir framburður gæslufanganna Sigurðar Þórðarsonar og Péturs Ásgeirssonar, að þeir hafi ásamt kærða staðið að þessum innflutningi, en samkvæmt framburði þeirra fjármagnaði kærði kaupin á efninu. Samkvæmt framburði Sigurðar Þórðarsonar afhenti kærði honum peningana, en Sigurður hafi síðan afhent gæslufanganum Pétri Ásgeirssyni þá. Pétur átti síðan að sjá um að kaupa efnin í London, sem hann og gerði. Samkvæmt rannsóknargögnum málsins átti gæslufanginn Gunnar Ólafsson, sem er starfsmaður Pósts og síma í Hafnarfirði, að taka pakkana, er þeir kæmu til útburðar, og koma þeim til Sigurðar. Gunnar Ólafsson hafi hins vegar ekki verið á vakt þann dag, sem pakkarnir voru bornir út, og því hafi verið ákveðið, að þeir Sigurður Þórðarson og Gunnar Ólafsson sætu fyrir póstsendlinum í þeim tilgangi að ná í pakkana, þegar búið væri að bera þá út í póstkassana. Kærði og Sigurður hafi síðan staðið vörð við heimili annars viðtakandans, en Gunnar Ólafsson, Gísli Elmarsson og Atli Þórðarson við heimili hins.

Kærði hefur neitað að eiga nokkra aðild að fíkniefnainnflutningi þessum eða fjármögnun hans. Framburður kærða þykir þó ekki trúverðugur í ljósi framburðarskýrslna þeirra, sem fyrir liggja í málinu, og benda sterklega til, að innflutningur þessi á 783 e-töflum hafi verið vandlega skipulagður og að kærði hafi tekið þátt í þeirri skipulagningu.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað hann allt að tíu ára fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Með vísan til framangreinds og skírskotun til gagna málsins þykir sterkur grunur liggja fyrir um, að kærði hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem um er að ræða svo alvarlegt brot sem stórfellt fíkniefnamisferli, verður með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. október nk. kl. 16.00.
